



Stjórnsýslukæra nr_ UUA2511051 - Laugarásvegur 63 - grenndarkynning

Mótttekið	19.11.2025 14:46:04
Búið til dags.	19.11.2025 15:06:54
Tilheyrir	USK25110305 - Stjórnsýslukæra nr. UUA2511051 - Laugarásvegur 63 - grenndarkynning
Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símaver (upplýsingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald



uua@uua.is has just sent this issue

Reykjavík / RVK-24457

Beiðnin var stofnuð 19.11.2025
13:58

Tilkynning um stjórnsýslukæru nr.
UUA2511051. Kæra v. tafa
grenndarkynning L63

Olga Dís - Í dag 14:45

Áframsent

Upphafleg beiðni:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru framsendur tölvupóstur móttækin 19. nóvember 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærður er óhæfilegur dráttur á að Reykjavíkurborg komi með niðurstöðu og svör vegna grenndarkynningar á Laugarásvegi 63, Laugarásvegur 63 - USK24090041 .

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða, **þ. á m. fundargerðir, uppdrættir, umsóknir, samskipti**

Please consider the environment before printing and choosing transport.

Frá: Indridi Björnsson [REDACTED]

Sent: 19 November 2025 13:05

Til: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>

Efni: Kæra v. tafa grenndarkynning L63

Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála. 19.11.2025

Kærður er óhæfilegur dráttur á að Reykjavíkurborg komi með niðurstöðu og svör vegna grenndarkynningar á Laugarásvegi 63. **Laugarásvegur 63 - USK24090041. ⁺[Skipulagsgáttin](#) ⁺**.

Þess er krafist að Reykjavíkurborg komi án frekari tafa með niðurstöðu og svör vegna grenndarkynningarinnar.

Undirritaður eigandi á Laugarásvegi 61, sem er eini umsagnaraðili málsins, gerði athugasemdir við grenndarkynninguna þann 18 ágúst og rann athugasemdafrestur út 27 ágúst. Nú eru liðnir 3 mánuðir frá því að ég sendi inn númeraðar athugasemdir og hef ég ítrekað óskað eftir svörum og hefur engin niðurstaða frá Reykjavíkurborg borist til mín og engin svör komið fram önnur en að málið sé í skoðun.

Frá því að Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála felldi úrskurð sinn þann 27 Febrúar 2025 um að Reykjavíkurborg bæri að grenndarkynna fyrir okkur á Laugarásvegi 61 að þá gerðist samt ekkert svo mánuðum skipti. Það var ekki fyrr en ég leitaði til Umboðsmanns Alþingis eftir aðstoð að byggingarfulltrúi fór loks af stað með grenndarkynninguna. Núna er það sama upp á teningnum að ekkert er að gerast í málinu og því kæri ég núna þennan drátt á afgreiðslu máls til Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála.

Ég gerði fyrst athugasemdir til Byggingarfulltrúa í Júlí 2023 vegna þessa máls. Engin haldbær niðurstaða er enn komin í málið og hafa fallið 6 úrskurðir hjá ÚUA vegna þessa máls sem og máls vegna óleyfisgirðingarinnar við lóðarmörk við Laugarásvegi 61 og 63. Þessi tími og orka sem fer í að reyna að fá skipulagsyfirvöld í Reykjavík til að framkvæma lögbunda starfsskyldu sína vegna lóðarhafa á Laugarásvegi 63 sem hefur ráðist í yfirgripsmiklar og yfirþyrmandi óleyfisframkvæmdir eru mjög íþyngjandi fyrir okkur á Laugarásvegi 61 svo ekki sé meira sagt.

Tel ég að hér geti Reykjavíkurborg ítrekað verið að brjóta 9 gr stjórnsýslulaga um málshraða. Eftirtaldir úrskurðir ÚUA hafa nú þegar fallið vegna óleyfisframkvæmdanna á Laugarásvegi 63.

Úrskurður númer – ártal – málsnúmer:

30 – 2025. 161/2024,

9 – 2025. 160/2024,

129 – 2024. 117/2024

68 – 2024. 54/2024

63 – 2024. 31/2024

61 – 2024. 54/2024

Ég hef engar skýringar fengið frá Reykjavíkurborg á þessum töfum sem hefur haft meira en tvö ár til þess að bregðast við þessum óleyfisframkvæmdum og öllum þeim athugasemdum sem ég hef gert frá upphafi máls 2023.

Athugasemdir mínar við grenndarkynninguna eiga því ekki að koma skipulagsyfirvöldum neitt á óvart og því er þessi tafatími enn óskiljanlegri og til mikils ama og óþæginda.

Enn á ný leita ég því til ÚUA til að úrskurða í máli tengdu Reykjavíkurborg og lóðarhafa á Laugarásvegi 63.

Meðfylgjandi kærinni eru tölvupóstsamskipti við Umhverfis og skipulagssvið frá því að ég skilaði inn athugasemdum vegna grenndarkynningarinnar.

Sjá viðhengi með undirritaðri kæru ásamt tölvupóstsamskiptum mínum við Umhverfis og skipulagssvið frá því grenndarkynningin fór af stað

Virðingarfyllst,

Indriði Björnsson

Laugarásvegi 61.

Samskipti í beiðni:

uua@uua.is - Í dag 13:58



[Samskipti við USK v.L63 grenndark..pdf](#) (1.77 MB)

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: uua@uua.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud addon

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>